



## **Reglur um innritun barna í leikskóla Skagafjarðar**

Leikskóli er fyrsta skólastig í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

### 1. gr.

Í leikskóla Skagafjarðar er innritað eftir aldri þannig að eldri börn ganga fyrir þeim yngri.

Stefnt er að því að bjóða upp á leikskólanám fyrir börn sem náð hafa 12 mánaða aldri ef aðstæður og pláss leyfa í viðkomandi leikskóla. Í undantekningartilvikum getur fræðslunefnd heimilað að börnum yngri en 12 mánaða sé veitt leikskóladvöl. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, í samráði við skólustjóra viðkomandi skóla, leggur mat á umsóknir þar að lútandi og leggur þær fyrir fræðslunefnd. Afgreiðslu fræðslunefndar skal bóka í trúnaðarbók.

Leikskólustjórar og aðstoðarleikskólustjórar annast innritun barna í leikskóla Skagafjarðar. Að jafnaði skal miða við að leikskóladvöl hefjist í upphafi hefðbundins skólaárs en einnig er hægt að innrita börn á öðrum tímum ef aðstæður leyfa. Umsóknir um leikskóladvöl skulu að jafnaði berast fjórum mánuðum fyrir væntanlega dvöl. Ef umsókn berst með styttri fyrirvara er ekki hægt að ábyrgjast að barnið fái pláss í næstu aðlögun.

### 2. gr.

Sótt er um leikskóladvöl í gegnum Íbúagátt Skagafjarðar. Hægt er að sækja um dvöl fyrir barn um leið og kennitala þess hefur verið skráð. Barn verður að vera skráð með lögheimili í Skagafirði til að fá leikskóladvöl, en það getur verið á biðlista þó að lögheimili sé skráð annars staðar. Nauðsynlegt er að fylla út umsóknareyðublaðið eins nákvæmlega og hægt er. Í umsókn skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang, lögheimili, netföng og símanúmer foreldra/forráðamanna og næsta aðstandanda sem og ósk um dvalartíma. Foreldrar fá staðfestingu á að umsókn hafi verið móttækin með sérstöku umsóknarnúmeri sem birtist í Íbúagáttinni.

### 3. gr.

Þegar barn á biðlista hefur fengið inngöngu í leikskóla er foreldrum/forráðamönnum svarað í rafrænu bréfi. Foreldrar/forráðamenn þurfa að staðfesta leikskóladvölinu innan 14 daga frá því að boð berast. Hafi staðfesting frá foreldrum/forráðamönnum ekki borist innan tilskilins frests er barnið tekið af biðlista og öðru barni boðið plássíð.

### 4. gr.

Ef foreldri/forráðamaður barns þiggur ekki boð um leikskóladvöl við úthlutun, fær umsóknin nýja dagsetningu nema ef samið er um að barnið hefji dvöl í leikskólanum á öðrum tíma.



## 5. gr.

Almenn úthlutun leikskólaplássanna fer fram miðað við neðangreindar forsendur:

- a. Leikskólaplássur er úthlutað eftir aldursröð, dagsetning umsóknar gildir ef börn eru á sama aldri (eiga sama afmælisdag), börn í forgangi geta haft áhrif á úthlutun, sjá 6. grein.
- b. Þegar leikskólaplássur er úthlutað þarf ávallt að taka tillit til aðstæðna í leikskólunum s.s. samsetningu barnahóps, rýmis, starfsmannahalds og fleira.

## 6. gr.

Sækja má um forgang í leikskóla í Skagafirði vegna neðangreindra atriða. Leikskólastjóri metur umsóknir um forgang í samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs:

- a. Fatlaðra barna, barna með skilgreind frávík í þroska eða langveikra barna.
- b. Barna sem búa við erfiðleika í félagslegu tilliti vegna:
  - i. Barnaverndarmála. Hér þarf vottorð frá félagsmálayfirvöldum að fylgja umsókn
  - ii. Alvarlegra veikinda, alvarlegrar fötlunar eða alvarlegra félagslegra erfiðleika hjá fjölskyldumeðlimum barns. Hér þarf vottorð frá lækni eða opinberum aðilum að fylgja umsókn.
  - iii. Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
  - iv. Börn einstæðra foreldra, skila þarf inn staðfestingu frá sýslumanni.
  - v. Fjölbura, þ.e. fleiri barna en tvíbura.
- c. Barna starfsmanna leikskóla eftir nánari verklagsreglum þar að lútandi.

## 7. gr.

Við upphaf leikskólagöngu skrifa foreldrar/forráðamenn undir skólasamning sem meðal annars kveður á um dvalartíma og aðrar reglur varðandi leikskóladvöl. Skólasamningurinn tekur mið af reglum leikskólans og með undirritun sinni staðfesta foreldrar/forráðamenn að þeir hafi kynnt sér starf leikskólans, gjaldskrá og reglur þessar.

## 8. gr.

Heimilt er að segja barni upp plássi, ef nýting fer niður fyrir 60% tvo mánuði í röð, án þess að gildar ástæður séu fyrir því, s.s. veikindi og/eða tímabundnar fjarvistir frá sveitarfélaginu.

## 9. gr.

Uppsagnarfrestur á leikskólaplássi í leikskólum Skagafjarðar er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.

## 10. gr.

Hægt er að óska eftir breytingu á dvalartíma. Breytingin tekur gildi 1. eða 15. hvers mánaðar ef leikskólinn metur stöðuna svo að hægt sé að verða við henni. Ef óskað er eftir breytingu fyrir 15. dag mánaðar getur breytingin tekið gildi um næstu mánaðamót, en ef óskað er eftir breytingu eftir 15. dag mánaðar getur breytingin tekið gildi 15. dag næsta mánaðar.



*Reglur þessar eru settar með stoð í 26. gr. laga um leikskóla. Jafnframt er vísað í verklagsreglur Skagafjarðar vegna barna starfsfólks í leikskólum.*

Samþykkt í fræðslunefnd 12.12.2024 og sveitarstjórn 18.12.2024

Málsnr. 2409110